

# Skógræktaráðstlun



2020

Benjamín Örn Davíðsson

# Efnisyfirlit

Lýsing á skógræktarsvæði.....	3
Afstöðukort skógræktarsvæðis.....	4
Samantekt .....	5
Markmið skógræktar.....	6
Reitakort.....	6
Val á trjátegundum .....	6
Tegundakort .....	8
Framkvæmdir.....	8
Gróðursetning .....	8
Áburðargjöf .....	9
Jarðvinnsla .....	9
Slóðagerð .....	9
Jarðvinnslukort .....	11
Landslagshönnun.....	11
Menningarminjar .....	12
Verndarsvæði.....	12
Gróðursetningaráætlun .....	13
Áburðaráætlun .....	14
Eldvarnaráætlun.....	15

## Lýsing á skógræktarsvæði


Skógræktarsvæðið er í landi sveitarfélagsins Skagastrandar. Skagaströnd er staðsett á miðju Norðurlandi vestra á vestanverðum Skaga. Skógræktarsvæðið er í hlíðum Spákonufells og teygir sig inn á Hrafndal að hluta. Svæðið hallar mest til vesturs en einnig til suðausturs inni í dalnum. Spákonufell er 639 metra hátt og eru efri mörk skógræktarsvæðisins í 230 m.y.s. en lægst fer svæðið með Skagastrandarvegi í 45 m.y.s. Samningssvæðið er tæplega 150 hektarar og er áætlað að gróðursetja um 176.000 plöntur í 80 ha svæði.

Spákonufell er svipmikið og virðulegt fjall sem Skagstrendingar nota mikið til útvistar. Margar góðar gönguleiðir eru í hlíðum Spákonufells og sumar hverjar liggja um skógræktarsvæðið. Slóðagerð vegna girðinga og til að auðvelda umferð um svæðið vegna framkvæmda, mun bæta og styrkja þær gönguleiðir sem fyrir eru. Í áætluninni eru gönguleiðir í fjallinu tengdar við slóðakerfi áætlunarinnar.



Heimamenn hafa verið duglegir að gróðursetja í hlíðar fjallsins síðustu áratugina sem og inni á Hrafndal og er eldri skógur á ýmsum aldri á um 17% af samningssvæðinu. Helstu tegundir sem hafa verið gróðursettar eru birki og greni en einnig fura og lerki. Ofarlega í hlíðunum nær birki upp í 230 metra hæð og eru hæstu trén um 1,6 metrar á hæð. Neðst í brekkunum eru stæðileg lerki- og birkitré. Hæstu trén eru um og yfir 5 metrar á hæð. Lerki, fura og birki eru farin að bera fræ sem gefur til kynna að þarna geti þessar tegundir vel þrifist og fjölgað sér. Eftir því sem ofar dregur í hlíðar fjallsins verða trén veðurbarðari enda kemur versta vindáttin niður fjallshlíðar Spákonufells. Inni á Hrafndal er vindálag greinilega mikið og skefur toppinn af birkinu í verstu skaraveðrunum. Skógurinn er þó að hækka og gefur góðar vonir um að skjól skapist með tíð og tíma á svæðinu.

Gróðurfarslega er svæðið nokkuð fjölbreytt, stór samfelld svæði eru með lúpínu sem hefur verið að breiðast út síðustu ár. Mólendi er í mjög misjöfnu ásigkomulagi, allt frá því að vera vel grónir graslendismóar yfir í illa gróna lyngmóa. Stór svæði í norðurkanti svæðisins eru mýrar og verður ekki gróðursett í þær, inn á milli mýrarsvæðanna eru graslendishálfdeigjur sem ráðgert er að gróðursetja birki og aspir í. Mela- og klappasvæði eru þó nokkur og verður þeim annað hvort sleppt eða gróðursett gisnara í þau. Besta leiðin til að ná góðum árangri er að gróðursetja í svæðið og láta skóginn mynda sitt eigið skjól.

## Afstöðukort skógræktarsvæðis



## Samantekt




## Markmið skógræktar

### Útvistar- og kolefnisskógur

- Í hlíðum Spákonufells er markmið skógræktarinnar að auka útvistargildi svæðisins, bæta og auka skjól á svæðinu, ásamt því að binda kolefni og jafna vatnsbúskap svæðisins. Framtíðarmarkmiðið er að skógurinn skili viðarnytjum.

## Reitakort



## Val á trjátegundum

Fimm megin trjátegundir eru notaðar í skógrækt á Íslandi: birki, rússalerki, stafafura, sitkagreni og alaskaösp. Við val á tegundum til ræktunar þarf að taka tillit til margra

þátta því trjátegundir gera misjafnar kröfur til umhverfisþátta. T.d. frjósemi jarðvegs, hvort landið er í bratta eða flatlendi inn til landsins eða út með sjó, úrkomu og svo má lengi telja. Í áætluninni er gert ráð fyrir fimm megin trjátegundum. Þessar trjátegundir hafa langa ræktunarsögu hér á landi og mynda grunn að árangursríki skógrækt í landinu. Þó má reikna með að í boði verði fleiri tegundir í litlu magni sem munu auka fjölbreytni skógarins og fegra ásýnd.


Lerki er gróðursett í þurrasta og rýrasta landið og helst í dálítinn halla þar sem minni hætta er á næturarfrostum. Stafafura er notuð í svipað land og lerkið en hún er frostþolin og þolir því betur að vera á flatlendi og þar sem geta myndast frostpollar. Birki þarf sæmilega frjósamt land til að vaxa vel en hentar einnig vel í jaðra skógræktarsvæðisins til að mýkja og bæta ásýnd jaðarsins. Greni hentar vel í frjótt land en samt ekki þar sem geta myndast frostpollar. Greni er viðkvæmt fyrir frostum á vaxtarímanum á unga aldri. Hægt er að fræðast meira um trjátegundir og skógrækt á vef Skógræktarinnar.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að gróðursetja mest af birki eða um 42%, næst á eftir er greni 27%, fura 14%, ösp 8%, lerki 6% og ýmsar tegundir 3%. Við val á kvæmum og klónum er best að velja þau kvæmi og klóna sem hafa staðið sig best í hafrænu loftslagi. Strandkvæmi stafafuru eins og Skagway ættu að vera í forgangi. Aspir sem hafa komið vel út í tilraunum við sjávarsíðuna á Norðurlandi eystra og vestra ættu að vera í forgangi en einnig klónar sem eru vel þekktir og hafa staðið sig vel við hafrænt loftslag. Klónar eins og Jóra, Brekkjan, Haukur, Súla og Hallormur ættu að vera í forgangi á Skagaströnd. Sitkagreni á að vera í forgangi í skógræktarsvæðið á Skagaströnd umfram annað greni og eru kvæmin Cordova, Valdez, Homer og Taraldsøy vel til þess fallin að nota við sjávarsíðuna.

<https://www.skogur.is/is/nyskograekt/trjategundir-og-trjaheilsa/lauftre>

<https://www.skogur.is/is/nyskograekt/trjategundir-og-trjaheilsa/barrtre>

## Tegundakort



## Framkvæmdir

Skipulagning er lykill að farsælli skógrækt og eru verklegir þættir byggðir upp á henni.

### Gróðursetning

Í áætluninni er gert ráð fyrir að gróðursetja rúmlega 176.000 plöntur. Gera má ráð fyrir að allar plöntur sem gróðursettar verða komi úr skógarplöntubökkum (24, 35, 40 og 67 gata). Færri göt þýðir stærra ræktunarhólf og stærri plöntur. Eftir því sem landið er frjósamara og samkeppnisgróður er meiri þarf að nota stærri plöntur. Vorgróðursetning byrjar alla jafna um mánaðamótin maí-júní, haustgróðursetning hefst upp úr miðjum ágúst og stendur fram í september, en gróðursetja má fram eftir hausti meðan veður leyfir. Þéttleiki gróðursetninga fer eftir markmiðum skógræktarinnar og jarðvegsgerð á viðkomandi svæði. Þar sem ætlunin er að rækta

skóga til viðarnytja er plantað nokkuð þétt eða um 2500 tré á hektara. Þar sem megintilgangurinn er landbótakógrækt er plantað gisnar eða um 1600 plöntur á hektara. Í skógarjaðra, brattlendi og við ár og læki er ráðlagt að gróðursetja um 1200 plöntur á ha og er þá oft plantað í grúppur eða lundi frekar en að dreifa plöntunum jafnt um allan reitinn. En af því að gert er ráð fyrir því að gróðursett verði í stór svæði í einu á skógræktarsvæðinu á Skagaströnd er í þessari áætlun lögð til svolítið önnur aðferðafræði við gróðursetninguna. Mælst er til þess hver tegund verði sett í aðskilda lundi frekar en að heilblanda tegundum í sama reit. Úr því að eftir er að leggja slóð í gegnum reiti gæti verið praktískt að setja aðra tegundina ofan við vegginn og hina neðan við.

## Áburðargjöf

Rannsóknir hafa sýnt að áburðargjöf eykur í flestum tilfellum vöxt og lifun ungra trjáplantna og því er gert ráð fyrir að bera á allar plöntur við gróðursetningu nema lerki. Plöntur sem gróðursettar verða að hausti skal bera á vorið eftir. Bera skal 10-12 g af tilbúnum áburði umhverfis hverja plöntu og gæta þess að áburðurinn lendi ekki í holu plantna eða við stofn þeirra. Lerki svarar áburðargjöf ekki á sama hátt og aðrar tegundir og því er ekki boríð á lerki, nema þar sem mjög mikil hætta er á frostlyftingu.

Trjáplöntur geta staðnað í vexti fyrstu árin eftir gróðursetningu, en í mörgum tilfellum er hægt að koma plöntum aftur í vöxt með réttri áburðargjöf. Mest er hættan á vaxtarstöðnun ef trjátegund er gróðursett í rýrara land en hún getur þrifist í með góðu móti. Þar af leiðandi þarf alltaf að velja landgerð sem hæfir tegundinni. Í áburðaráætluninni er gert ráð fyrir að bera á allar tegundir nema lerki við gróðursetningu eða vorið eftir sé um haustgróðursetningu að ræða. Einnig er gert ráð fyrir að bera á sitkagreni, ösp, furu og birki á þriðja og fimmta ári, ef þess gerist þörf að mati skógræktarráðgjafa. Skógræktarráðgjafi metur einnig hvort þörf verður á áburðargjöf á greni á öðru ári. Í áætlun er gert ráð fyrir að bera 25 g á gróðursetningar sem eru tveggja ára og eldri. Heildar áburðarmagn á svæðið á fimm ára tímabili er rúmmlega 11 tonn.

## Jarðvinnsla

Hefur alla jafna jákvæð áhrif á lifun og vöxt nýgróðursettra plantna. Helstu kostir jarðvinnslu eru að hún dregur úr samkeppni trjáplantna við annan gróður og hækkar jarðvegshita. Áburður nýtist nýgróðursettu trjáplöntum betur þar sem er jarðunnið og samkeppnisgróður hefur verið fjarlægður. Þar sem land er rýrt og samkeppnisgróður ekki til staðar minnkar þörfin fyrir jarðvinnslu. Jarðvinnslukort sýnir hvaða reiti þarf að jarðvinna og hvaða meðhöndlun er ráðlögð. Jarðvinnsla er sú framkvæmd sem mótar oft á tíðum skógarjaðarinn. Því þarf að huga vel að því hvernig jarðvinnslan er skipulögð í skógræktarlandið. Einnig þarf að hafa í huga að jarðvinna ekki yfir fyrirhugaðar slóðir eða þær slóðir sem eru fyrir.

Áætlunin gerir ráð fyrir jarðvinnslu með TTS-herfi á um 65 hektara svæði. Einhver svæði verða erfið í jarðvinnslu vegna bratta og stórra steina á yfirborði. Nánar um það má sjá í athugasemdum í ræktunaráætlun.


## Slóðagerð

Slóðagerð er nauðsynleg til að auðvelda alla vinnu á skógræktarsvæðinu. Á fyrstu stigum skógræktarinnar er lagt út grunnslóðakerfi sem er fyrst og fremst hugsað til

að auðvelda gróðursetningu og áburðargjöf. Jafnframt eru slóðir mikilvægar til að hindra mögulega útbreiðslu á skógareldum. Slóðirnar þurfa að vera færar fyrir fjórhjól, traktora og jeppa yfir sumartímann. Slóðir sem eru nú til staðar í skógræktarlandinu ásamt tillögum að nýjum slóðum eru á jarðvinnslukortinu.

Í ræktunaráætlun er gert ráð fyrir að gera slóðir sem eru alls um 12 km að lengd. Rúmlega 5 km af slóðum verða við girðingar. Tæplega sjö km af slóðum verða innan svæðisins. Þær munu nýtast til útvistar sem og til að auðvelda aðgang að skógræktarsvæðum vegna framkvæmda á þeim. Ýtuslóðir fyrir girðingar þurfa að vera nógu breiðar til að hægt sé að keyra á sexhjóli eða fjórhjóli með fram girðingu. Er það gert bæði vegna viðhaldsvinnu á girðingu og til að koma aðföngum að gróðursetningarsvæðunum. Hæfileg breidd slóða er 3-4 metrar. Gert er ráð fyrir minnst 3 ræsum vegna bleytu í skógræktarsvæðinu. Þar sem slóðar fara upp brekkur þarf að gera ráð fyrir „þróskuldum“ til að draga úr hættu á úrrennsli og að vatn geti runnið langar leiðir eftir þeim.

## Jarðvinnslukort



### Landslagshönnun

Við skipulagningu skógræktarsvæðis þarf að huga vel að því að skógurinn falli vel að landslagi og leggja skal sérstaka áherslu á að rækta fjölbreyttan skóg með öflugu vistkerfi.

Til að skógurinn falli vel að landslagi þarf að forðast að til verði beinar línur og á það við þar sem ein trjátegund tekur við af annarri eða einn reitur af öðrum en einnig á jöðrum skógræktarsvæðisins. Þetta er fyrst og fremst gert með því að láta

náttúrulegar línur í landslagi ráða jöðrum reita. Þar sem brekkur, hlíðar og hólar eru í skógræktarsvæðinu þarf að passa sérstaklega vel að gróðursetja ekki upp og niður brekkurnar því þá myndast beinar línur sem móta ásýnd skógarins um langan tíma. Betra er að gróðursetja þvert á brekkur og hlíðar. Þannig fer minna fyrir línum sem myndast við gróðursetningu. Þetta þarf einnig að hafa í huga við jarðvinnsluna.

Huga skal sérstaklega að skógarjöðrum og reyna að hafa þá fjölbreytta. Forðast skal að hvöss horn og beinar línur myndist. Þess vegna má ekki gróðursetja þétt upp að girðingum, heldur skilja eftir hæfilega stór ógróðursett svæði með fram girðingum til að milda útlínur skógarins.

### Menningarminjar

Engar þekktar fornleifar eru innan skógræktarsvæðisins. Engar forleifar fundust við kortlagningu skógræktarráðgjafa. Ef til þess kemur að merki finnist um fornleifar inni á skógræktarsvæðinu skal ekki raska þeim og skilja eftir 15m óhreyft svæði í kringum þær.

Ekki skal gróðursett í mýrar eða raska þeim á annan hátt.

### Verndarsvæði

Engin verndarsvæði eru skilgreind á skógræktarsvæðinu

# Gróðursetningaráætlun

Gróðursetningaráætlun					Skagaströnd									
Reitur	Stærð	Fjöldi í	Fjöldi á	Bít á milli	Gróður-hverfi	Tegund 1	Tegund 2	Hlutfall tegund 1	Hlutfall tegund 2	Fjöldi 1	Fjöldi 2	Jarðvinnsla	Athugasemd	
Benjamín Órn Davíðsson - Nóvember 2020														
1	0,5	1.009	2000	2,2	Lyngmói	Ilmbjörk		100		1.009			Gömul gróðursetning	
2	0,4				Skóglendi								Gömul gróðursetning	
3	1,7	3.405	2000	2,2	Graslendi með þursaskeggi	Sítkagreni		100		3.405		TTS-plöntuherfi	Gömul gróðursetning	
4	0,6				Skóglendi								Birki á betri staði	
5	7,1	10.606	1500	2,6	Ógróðið land - melar	Rússalerki	Ilmbjörk	70	30	7.424	3.182		Sleppa bratt erfitt að jarðvinna	
6	0,5				Lúpinustóð								Sleppa klappir	
7	0,5				Ógróðið land - klettar og klappir									
8	1,2	2.355	2000	2,2	Lúpinustóð	Ilmbjörk	Sítkagreni	50	50	1.178	1.178	TTS-plöntuherfi	birki í grúbbur með vegi og í efri jaðar	
9	0,5	1.022	2000	2,2	Lyngmói	Ilmbjörk		100		1.022			Sleppa útsýni	
10	2,2	5.548	2500	2,0	Lúpinustóð		Ýmsar tegundir	100		5.548		TTS-plöntuherfi	Greni fura birki lerki, birki með raflínu	
11	4,9				Skóglendi								Gömul gróðursetning	
12	0,5				Ógróðið land - melar								Sleppa klappir	
13	0,1				Ógróðið land - klettar og klappir								Sleppa myri	
14	0,4				Mýrararamyri								Sleppa myri	
15	1,0				Mýrararamyri								Sleppa myri	
16	3,1	7.792	2500	2,0	Lúpinustóð	Ilmbjörk	Stafafura	60	40	4.675	3.117	TTS-plöntuherfi	Má skipta á fura fyrir greni	
17	0,2				Ógróðið land - klettar og klappir								Sleppa klappir	
18	0,4	1.090	2500	2,0	Lúpinustóð		Sítkagreni	100		1.090		TTS-plöntuherfi		
19	0,8	1.957	2500	2,0	Lyngmói	Rússalerki		100		1.957		TTS-plöntuherfi	Fura í betri svæði	
20	0,1				Mýrararamyri								Sleppa myri	
21	20,2				Skóglendi								Gömul gróðursetning	
22	8,5	21.272	2500	2,0	Lúpinustóð	Sítkagreni	Ilmbjörk	70	30	14.890	6.381	TTS-plöntuherfi	Birki í grúbbur með vegi	
23	7,4	14.701	2000	2,2	Lúpinustóð	Ilmbjörk	Sítkagreni	50	50	7.351	7.351	TTS-plöntuherfi	Jarðvinna neðri hluta, efri hluti brattur, birki í efri hluta	
24	3,9	7.894	2000	2,2	Graslendi með þursaskeggi	Ilmbjörk		100		7.894		TTS-plöntuherfi		
25	4,7	11.748	2500	2,0	Lúpinustóð		Stafafura	Ilmbjörk	60	40	7.049	4.699	TTS-plöntuherfi	Bratt gæti verið erfitt að jarðvinna planta í grúbbur
26	5,8	14.544	2500	2,0	Lúpinustóð	Sítkagreni	Alaskaösp	60	40	8.726	5.817	TTS-plöntuherfi	Ösp í blautari svæði	
27	3,0	7.502	2500	2,0	Graslendi með þursaskeggi	Sítkagreni	Ilmbjörk	70	30	5.251	2.251	TTS-plöntuherfi	Birki í grúbbur með slóð	
28	2,1	3.094	1500	2,6	Lyngmói	Ilmbjörk		100		3.094				
29	1,1	2.647	2500	2,0	Lyngmói	Sítkagreni		100		2.647				
30	1,6				Lyngmói								Sleppa útsýni	
31	3,9	9.704	2500	2,0	Graslendi með þursaskeggi	Stafafura	Sítkagreni	60	40	5.822	3.881	TTS-plöntuherfi	Furu plöntur í reit, planta í grúbbur	
32	0,4	606	1500	2,6	Graslendishálfdreigja	Alaskaösp		100		606		TTS-plöntuherfi		
33	0,8	1.227	1500	2,6	Graslendishálfdreigja	Ilmbjörk		100		1.227		TTS-plöntuherfi		
34	0,1	189	1500	2,6	Graslendishálfdreigja	Alaskaösp		100		189		TTS-plöntuherfi		
35	0,0	51	1500	2,6	Graslendishálfdreigja	Ilmbjörk		100		51		TTS-plöntuherfi		
36	0,8	1.204	1500	2,6	Graslendishálfdreigja	Alaskaösp		100		1.204		TTS-plöntuherfi		
37	35,0				Mýrararamyri								Sleppa myri	
38	0,5	738	1500	2,6	Graslendishálfdreigja	Alaskaösp		100		738		TTS-plöntuherfi		
39	0,2	398	2500	2,0	Graslendishálfdreigja	Ilmbjörk		100		398		TTS-plöntuherfi		
40	0,6	1.573	2500	2,0	Graslendishálfdreigja	Ilmbjörk		100		1.573		TTS-plöntuherfi		
41	0,1	302	2500	2,0	Graslendishálfdreigja	Ilmbjörk		100		302		TTS-plöntuherfi		
42	2,0	4.967	2500	2,0	Graslendishálfdreigja	Ilmbjörk	Alaskaösp	60	40	2.980	1.987	TTS-plöntuherfi	Birki í jaðar að vegi	
43	2,7	6.798	2500	2,0	Graslendishálfdreigja	Ilmbjörk	Alaskaösp	60	40	4.079	2.719	TTS-plöntuherfi	Birki í jaðar að vegi	
44	0,9	940	1000	3,2	Ógróðið land - melar	Ilmbjörk		100		940			Sleppa / uppgreðsla?	
45	7,4	18.526	2500	2,0	Lyngmói	Ilmbjörk		100		18.526		TTS-plöntuherfi		
46	0,2				Mýrararamyri								Sleppa myri	
47	0,2				Mýrararamyri								Sleppa myri	
48	0,5	793	1500	2,6	Ógróðið land - melar	Rússalerki		100		793			Setja lerki í manir - græða upp botninn á nánumni	
49	1,4				Mýrararamyri								Sleppa myri	
50	1,9	1.853	1000	3,2	Ógróðið land - melar	Ilmbjörk		100		1.853			Uppgræðsla sleppa?	
51	2,4	6.037	2500	2,0	Graslendi með þursaskeggi	Stafafura		100		6.037		TTS-plöntuherfi		
52	0,8	2.053	2500	2,0	Graslendi með þursaskeggi	Stafafura		100		2.053		TTS-plöntuherfi		

# Áburðaráætlun

Áburðaráætlun					Skagaströnd						
Benjamín Órn Davíðsson 2020											
Stærð	Fjöldi í	Tegund	Fjöldi	Tegund	Fjöldi	Áburður kg- ár 1	Áburður kg- ár 1	Áburður kg- ár 3	Áburður kg- ár 3	Áburður kg- ár 5	Áburður kg- ár 5
nr.	ha	Reit	1	tegund 1	2	Tegund 2	Tegund 1	Tegund 2	Tegund 1	Tegund 2	Tegund 1
1	0,5	1.009	Ilmbjörk	1.009			10,1		25,2		25,2
3	1,7	3.405	Sitkagreni	3.405			34,0		85,1		85,1
5	7,1	10.606	Rússalerki	7.424	Ilmbjörk	3.182		31,8	0,0	185,6	
8	1,2	2.355	Ilmbjörk	1.178	Sitkagreni	1.178	11,8	11,8	29,4	29,4	29,4
9	0,5	1.022	Ilmbjörk	1.022			10,2		25,6		25,6
10	2,2	5.548	Ýmsar tegundir	5.548			55,5		138,7		138,7
16	3,1	7.792	Ilmbjörk	4.675	Stafafura	3.117	46,8	31,2	116,9	116,9	116,9
18	0,4	1.090	Sitkagreni	1.090			10,9		27,3		27,3
19	0,8	1.957	Rússalerki	1.957					0,0		
22	8,5	21.272	Sitkagreni	14.890	Ilmbjörk	6.381	148,9	63,8	372,3	372,3	372,3
23	7,4	14.701	Ilmbjörk	7.351	Sitkagreni	7.351	73,5	73,5	183,8	183,8	183,8
24	3,9	7.894	Ilmbjörk	7.894			78,9		197,4		197,4
25	4,7	11.748	Stafafura	7.049	Ilmbjörk	4.699	70,5	47,0	176,2	176,2	176,2
26	5,8	14.544	Sitkagreni	8.726	Alaskaösp	5.817	87,3	58,2	218,2	218,2	218,2
27	3,0	7.502	Sitkagreni	5.251	Ilmbjörk	2.251	52,5	22,5	131,3	131,3	131,3
28	2,1	3.094	Ilmbjörk	3.094			30,9		77,4		77,4
29	1,1	2.647	Sitkagreni	2.647			26,5		66,2		66,2
31	3,9	9.704	Stafafura	5.822	Sitkagreni	3.881	58,2	38,8	145,6	145,6	145,6
32	0,4	606	Alaskaösp	606			6,1		15,1		15,1
33	0,8	1.227	Ilmbjörk	1.227			12,3		30,7		30,7
34	0,1	189	Alaskaösp	189			1,9		4,7		4,7
35	0,0	51	Ilmbjörk	51			0,5		1,3		1,3
36	0,8	1.204	Alaskaösp	1.204			12,0		30,1		30,1
38	0,5	738	Alaskaösp	738			7,4		18,4		18,4
39	0,2	398	Ilmbjörk	398			4,0		9,9		9,9
40	0,6	1.573	Ilmbjörk	1.573			15,7		39,3		39,3
41	0,1	302	Ilmbjörk	302			3,0		7,5		7,5
42	2,0	4.967	Ilmbjörk	2.980	Alaskaösp	1.987	29,8	19,9	74,5	74,5	74,5
43	2,7	6.798	Ilmbjörk	4.079	Alaskaösp	2.719	40,8	27,2	102,0	102,0	102,0
44	0,9	940	Ilmbjörk	940			9,4		23,5		23,5
45	7,4	18.526	Ilmbjörk	18.526			185,3		463,2		463,2
48	0,5	793	Rússalerki	793					0,0		
50	1,9	1.853	Ilmbjörk	1.853			18,5		46,3		46,3
51	2,4	6.037	Stafafura	6.037			60,4		150,9		150,9
52	0,8	2.053	Stafafura	2.053			20,5		51,3		51,3
Samtals kg af áburði					11178		1213,5	425,6	3033,8	1735,6	3033,8
											1735,6

## Eldvarnaráætlun

Eitt af því fjölmarga sem hvílir á þeim sem stunda skógrækt er að huga að brunavörnum í skóginum. Algengasta ástæða bruna er íkveikja af mannavöldum, annað hvort viljandi eða óviljandi.

Hraði viðbragðs ræður mestu um möguleikann á að stöðva eldinn áður en hann verður óviðráðanlegur.

- Hringja í neyðarlínuna í 112 sem gefur samband við slökkvilið.
- Gera öðrum viðvart.
- Hafa eigið öryggi í forgangi.
- Hafa aðgengilegar eldklöppur og annan búnað til að slökkva eld.

Trjátegundir eru mis eldfimar. Yfirleitt er talað um að lauftré og lerki séu lítið eldfim en greni og fura séu mun eldfimari. Meiri Upplýsingar og bækling um gróðurelda er að finna á vefnum [www.grotureldar.is](http://www.grotureldar.is) [hér](#).



